

Kirkjuþing 2021 – 2022

Umsögn um 6. mál

Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Ég fagna því ef gerð verður umfangsmikil könnun á viðhorfi til þjóðkirkjunnar og starfs hennar.

Ég vil minna á að fjölmennasta sjálfboðaliðastarf kirkjunnar og hjá þjóðinni allri, er söngstarfið í kirkjunni, en reglubundin þátttaka í kórastarfi kirkna er um 2500 manns, fullorðnir og börn.

Lútersk kirkja hefur tónlistina sem skýran þátt boðunar trúarinnar og söngur safnaðarins er svar hans við orði Guðs. Fyrir 2 vikum voru teknar upp 7 útvarpsmessur á landsbyggðinni. Þátttakendur voru 185 manns frá 7 söfnum.

Af þessu dæmi sést að mikilvægt er að kanna hug þjóðarinnar til þessa starfs kirkjunnar og raunar augljóst, að það að efla kórastarf kirkjunnar frá ungbörnum og allt til aldraðra söngvara, væri ánægjulegasta og þakklátasta leiðin til að auðga og auka þátttöku í helgihaldi.

Ég sakna þess að hvorki í nýsamþykktu skipuriti né í nokkru máli sem liggur fyrir Kirkjuþingi skuli vera minnst á að kirkjan syngi. Tónlistin er og þarf að vera, órjúfanlegur hluti helgihalds og safnaðarstarfs.

Sú fjöldahreyfing sem þjónar kirkjunni með söng undir stjórn vel menntaðra kirkjutónlistarmanna er oftast en ekki hinn trúu kjarni safnaðarins og á öllum öldum hefur kirkjan stuðlað að tilurð mikilvægustu listaverka sögunnar í tónlist og myndlist með listastarfi sínu.

Ég vil hvetja til samráðs við fagfólk kirkjunnar í tónlist til að efla starf hennar og marka henni framtíðarstefnu.